

Reggio fréttir

Ritstj. Guðrún Alda Harðardóttir og Kristín Dýrfjörð

1 t.bl. 1.ár

Frá ritstjórum:


Ágætu lesendur, velkomin í áhugahóp um Reggio. Hér er komið fyrsta eintak af vonandi langlífu fréttabréfi áhugahóps um Reggio.

Hugmyndin er að gefa blaðið út á netinu 3 – 4 sinnum á ári. Efnið byggist á því sem þið sendið inn (frásagnir úr starfi, hugleiðingar) og svo greinar og fréttir um leikskólauppeldi.

Er ósk okkar sem þetta rita að metnaðarfullar umræður um líf og starf í leikskólum eigi eftir að fylla dálka blaðsins.

Þetta fyrsta blað er helgað tölvum í leikskóla, uppistaðan eru erindi sem við höfum nýlega flutt

Guðrún Alda og Kristín



Tölvur og börn

Flutt á ráðstefnu Félags íslenskra leikskólakennara og Félags leikskólafulltrúa 24.september 1999
Guðrún Alda Harðardóttir

Í fyrirlestrinum mun ég fyrst fjalla um almenn hagkvæm atriði sem snerta tölvur og börn. Síðan skoða ég Aðalnámskrá leikskóla hvernig tölvur birtast þar og vitna til rannsókna.

“Maður metur ekki gildi þeirra tækja sem urðu manni sjálfsgöð í bernsku, svo sem síma, ryksugu, straujárn o.fl. Hins vegar teljum við alla nýja tækni stórmerkilega”. Er haft eftir sænskum leikskólakennara.

Marianne Rydings, leikskólakennari og fræðikona setur fram þrjú stig sem hún telur að leikskólakennari fari í gegnum við tölvunotkun með börnum. í fyrstu er hann:

- Óöruggur, hræddur við tæknina, en svolítið forvitinn.
- Fer smátt og smátt að nota tölvu og veltir aðeins fyrir sér uppeldisfræðinni, en er enn upptekinn af tækinu, tækninni forritum o.s.frv.
- Notar tölvu sem uppeldislegt verkfæri, lítur á tölvu líkt og síma eða aðra sjálfsgöða tækni.

Tölva – möguleiki til að skapa

Í tillögum menntamálaráðuneytisins um upplýsingatækni kemur fram að hlutverk skóla er að hjálpa nemendum að vinna úr margvíslegu og stöðugu áreiti upplýsinga, læra að umgangast þær og færa sé þær í nyt þetta sé mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Eitt þeirra tækja sem hægt er að nýta til þessa er tölva. Þegar menntamálaráðuneytið setti fram þessa sýn var átt við öll skólastig.

En hvernig tölvur þurfa börn? Reynsla hefur sýnt að börn þurfa bestu tölvur skólans.

Öflugar - þannig að þær geti rúmað góð forrit.

Hraðvirkar,- biðtími barnanna styttest....

Ég tel betra heima setið en að fara af stað með gamla tölvu fyrir börnin t.d. sem leikskólastjórinn getur ekki notað lengur.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að allflestir leikskólar þurfa auka fjárveitingu til að geta boðið upp á slíkt svo vel sé.

Hvar tölvan er staðsett í leikskólanum fer eftir hugmyndafræði leikskólans. Ég hef séð það koma vel út að hafa tölvuna staðsetta nálægt byggingasvæði leikskólans og þar sem hlutverkaleikur fer fram.

2

Gott að hafa tölvuna á hjólaborði þannig að hægt sé að færa hana auðveldlega á þann stað sem hentar best hverju sinni.

Það er með tölvuna líkt og annan efnivið leikskólans, að unnið er út frá stefnu leikskólans. Við getum til dæmis spurt okkur, viljum við kenna börnunum hvernig við vitum að tölvan virkar eða viljum við veita börnunum möguleika á að velta fyrir sér og prófa hvernig hægt er að leika sér og skapa með tölvu? Út frá svári við þessari spurningu þá veljum við leiðir. Með öðrum orðum, val á leiðum í tölvunotkun með börnum, fer eftir því hvaða sýn maður hefur á börn.



Aðalnámskrá - samstarf barna.

Hópleikir - Í danskri rannsókn unna af Bodil Andersen, leikskólakennara, sálfræðingi og háskólakennara í Danmörku svo og í íslensku nýsköpunarverkefni sem unnið var af Konný Hákonardóttur Þáverandi nema við leikskólabraut HA og núverandi leikskólakennara, sumarið 1998, kom fram að börnin notuðu tölvuna í hópleiki. Ef þau fengu tækifæri til þess.

Samvinna - Fyrir framan tölvuskjáinn fer mikil samvinna fram meðal barnanna. Það sem gerist í tölvunni er aðeins umræðuefnið. Í dönsku rannsókninni kom fram að stúlkur og drengir notuðu tölvuna á mismunandi hátt. Stúlkurnar notuðu tölvuna sem hlutverkaleik og þær gerðu það sama og vinkonan á undan

Reggio fréttir

gerði. En drengirnir byggðu hins vegar ofan á þekkingu þess sem var á undan. Í íslenska verkefninu kom fram að börnin leituðu til þeirra barna sem kunnu aðeins meira en þau. En ekki endilega til þeirra bestu (svæði hins mögulega þroska - ZPD)



Í dönsku rannsókninni var notuð amerísk mappa með stöðluðum tölvuverkefnum fyrir börn, samkvæmt fyrirsögn í möppunni átti að leggja verkefnið jafnt og þétt fyrir börnin og áætlaður tími til aðklára möppuna var 3 mánuðir. Rannsakandinn lagði hins vegar möppuna fram til frjálstrar notkunar í barnahópnum. Á 3-5 mínútum lærðu börnin það sem átti að taka viku samkvæmt möppunni og það tók börnin einn dag að læra það sem átti að taka þrjá mánuði.


Af þessu dreg ég þá ályktun að við getum hindrað börn í námi með of ströngum reglum. Ekki er síður athyglivert að á þennan hátt lærðu börnin ekki aðeins hvað hægt er að gera heldur einnig hvað ekki er hægt að gera.

Súluritið hér að neðan sýna niðurstöður íslenska verkefnisins á tíðni tölvunotkunar barnanna, flokkað eftir því hvort tölva var til á heimili þeirra eða ekki. Í þessum niðurstöðum kemur skýrt fram að þau börn sem gátu notað tölvu heima notuðu hana minna í leikskólanum og öfugt. Börnin gátu sjálf valið að nota tölvuna líkt og annan efnivið í leikskólanum. Samkvæmt þessum niðurstöðum getur tölvunotkun í leikskóla

3

jafnað uppeldisskilyrði barna, eins og réttilega er bent á í Aðalnámskrá leikskóla.

Tölvunotkun-tölva heima



Leikskólakennarar þurfa að vanda val á forritum líkt og þeir gera til dæmis við val á bókum. Ég skoða jú bók áður en ég kaupi hana, ég les bókina áður en ég les hana fyrir barnahópinn.

Maður ríkur ekki til og kaupir forrit aðeins til að kaupa. Það tölvu forrit sem ég er hvað hrifnust af í dag heitir Bókin sem talar. Þetta forrit býður upp á að börnin geta samið sögu, þeir fullorðnu skrifa söguna niður, barnið teiknar mynd við söguna annað hvort beint í tölvunni eða að myndin er skönnuð inn, síðan hljóðsetja börnin söguna. Börnin geta hlustað á sína sögu eða annarra eftir vild.

Áhugaverðar slóðir:

Sænski leikskólinn Trollet

<http://www2.kalmar.se/utbildning/grundskola/trollet/>

Danski leikskólinn Galaxen

<http://home3.inet.tele.dk/galaxen/>

Norski leikskólinn Bjørnebekken

<http://www.barnehagekom.net/>

Að vera skapandi – til umhugsunar

Þýtt, stælt og stolið KD

Reggio fréttir

Að vera skapandi er að hafa hæfileikann til að fá nýjar hugmyndir, vera frumlegur, og að sjá ný tengsl á milli ólíkra hluta og hugmynda.

Hægt að sjá hvernig sköpunin birtist hjá litlum börnum með því að sjá hvernig þau bera sig að við að fæða sig og klæða, hreyfa sig og leika. Sköpun er ferli sem getur verið erfitt að lýsa og þegar sköpunin og það að skapa mætast ríkir oft gleði og ánægja sem leiðir viðkomandi lengra áfram.

Einkenni sem eru sameignleg persónuleika skapandi fólks.

- ◆ Sveigjanlegur og leikinn
- ◆ Næmni
- ◆ Ímyndunarafli

Einkenni þeirra sem eru skapandi

- ◆ Viljinn til að taka áhættu.
- ◆ Að nota sjálfan sig og eigin reynslu sem uppsprettu.
- ◆ Reynsla

Nýjar rannsóknir benda til að sköpun og það að vera fær um að leysa vandamál sem upp kunna að koma sé að svipuðum toga og eigi sameiginlegar rætur.

Fyrir leikskólakennara sem hefur trú á að skapandi hugsun sé æskileg og nauðsynleg fyrir okkur öll er nokkur atrið sem gott er að huga að.

- Í fyrsta lagi er ekki hægt að binda sköpunina við eitthvað eitt það er ekki þáttur í starfinu sem á sér stað á afmörkuðu svæði í afmarkaðan tíma, sköpun er hluti af öllu starfinu.
- Leikskólakennari getur ekki fengið börn til að vera skapandi eða neytt þau til þess. En hann getur gert deildina og umhverfið þannig úr garði að það ýtir undir sköpunina.
- Hann þarf að huga að þrennu til að ýta undir og styðja við skapandi starf;

4

- viðurkennandi andrúmslofti og viðhorfum,
- hvetjandi umhverfi og
- hæfandi efnivið.

Ef barn veit að því er treyst til að velja sér sjálft viðfangsefni og vinna vel með það þá veit það líka að því er treystandi til að velja sér efnivið og fara með hann inn á nýtt svæði.

Leikskólakennari getur sýnt að hann treystir börnunum á ákveðinn hátt:

- * Hann verður að gera börnum það ljóst að hann styður þau þegar að þau reyna eitthvað nýtt og að hann hvetur þau til að leggja inn á nýjar brautir.
- * Hann verður að koma því sem börnin áorkuðu í orð. Hann verður að hjálpa börnunum að setja orð á eigin hugsanir og gerðir það er ekki eitthvað sem gerist 1. 2. og 3. heldur smátt og smátt.
- * Að lokum verður hann að gefa “umsögn” eða koma með jákvæða styðjandi athugasemd þegar að börnin eru að leika eða framkvæma það sem þau eru að gera.

Hægt er að styðja við sköpun með skipulagi og umhverfinu á deildinni.

⇒ Börn græða á umhverfi sem er afslappað og þar sem gagnkvæm virðing ríkir. Andrúmsloftið á deildinni gefur þau skilaboða að það sé í lagi að taka áhættu og verða á.

⇒ Allir ættu að fá næði og þá sjálfsögðu kurteisi að á þá sé hlýtt og hlustað á þau rök sem þeir hafa fram að færa.

⇒ Það ætti að hvetja börn til hugarflæðis.

⇒ Börn læra í gegn um reynslu, og börn læra sköpun af því að gera skapandi hluti, eða vera þátttakendur í skapandi ferli.

Skapandi hugsun er hægt að tengja öllu starfi í leikskólanum

Máli skiptir að börnunum sé gefið næði og nógur tími til að vinna að því sem að eru að gera.

Reggio fréttir

Sköpun þrífst ekki í einangrun hún verður til við samskipti og samspil.

Börnin eiga að vera upptekin af þeim möguleikum sem efniviðurinn býður upp á, ekki af efninu sjálfu.

Þau eiga að geta notað það sama aftur og aftur á nýjan og nýjan hátt en ekki þurfa ný og ný leikföng.



Leikskólinn Galaxen í Danmörku

<http://home3.inet.tele.dk/galaxen/>

Starfdagar í borginni Reggio Emilia á Ítalíu

Um miðjan júní nánar tiltekið dagana 13 –16 júní s.l. voru haldnir árlegir starfsdagar

starfsfólks leikskólanna í borginni Reggio Emilia á Ítalíu í þetta skipti var ákveðið að bjóða nokkrum útlendingum að vera þátttakendur í starfsdögum.

Þrettán Bandaríkjamönnum og þrettán Evrópubúum, mestmegnis háskólakennurum og vísindamönnum sem vel þekkja til vinnubragða og hugmyndafræði sem unnið er eftir í Reggio Emilia var boðin þátttaka. Héðan frá Íslandi var undirritaðri og Guðrúnu Öldu Harðardóttir brautarstjóra leikskólabrautar við Háskólann á Akureyri boðið. Af öðrum gestum má nefna Peter Moss frá Bretlandi, Gunnillu Dalhberg frá Svíþjóð, Carolyne Edwards frá Bandaríkjunum og að endingu heiðursgestinn prófessor Jerome Bruner.

Starfsdagarnir fóru fram jöfnum höndum á ensku og ítölsku og var allt túlkað jafnhraðan. Í upphafi skal strax tekið fram að í Reggio er ekkert til sem heitir Reggiostefna í leikskólauppeldi, þar er aðeins til gott leikskólauppeldi sem byggir á ákveðinni sýn og viðhorfum til barnsins. Jafnframt er þar skuldbinding um að kynna sér og nýta nýja þekkingu og kenningar um barnið, hvernig það nemur og þroskast. Í Reggio er rætt um dialog milli þeirra og umheimsins í því augnamiði að allir læri.

Starfsdagar

Skipulag starfsdagana í Reggio er nokkuð frábrugðið því sem við eigum að venjast. Allir leikskólarnir eru saman á starfsdögum, leikskólarnir eru opnir, en starfsemin er í hægagangi. Að mörgu leyti má líkja þeim við opna ráðstefnu eða námstefnu. Starfsfólk og foreldrar skiptast á að sækja og halda fyrirlestra, og vera í leikskólanum. Þannig er talið tryggt að allir geti tekið þátt og lagt sitt að mörkum. Umfjöllunarefni starfdagana eru verkefni sem leikskólarnir hafa verið að vinna

að um veturinn. Val sérhvers leikskóla á vetrar verkefnum fer fram í samræmi við umhverfi, samræður og hugarheim barnanna þar.

Litið er á hvert verkefni eða þema í leikskólanum sem litla rannsókn og er því hvert verkefni lítið rannsóknarverkefni. Á starfsdögum eru síðan ferli og niðurstöður þessara rannsókna kynntar og fjallað um þær. Menn velta fyrir sér hvaða ályktun sé hægt að draga. Um hvað eru börn að hugsa, hvernig hugsa börn, hvernig tengist verkefnið kenningum og rannsóknum á þroska barna eru dæmi um spurningar sem velt er upp. Í Reggio hefur verið fyrir því hefð að líta á barnið sem auðugan einstakling sem er fullur hugmynda og hefur hæfileika og getu til að hrinda þeim í framkvæmd með og í samstarfi við fullorðna. Þar er litið á leikskólakennarann sem samverkamann barnsins í leit þess að þekkingu og svörum.

Til að geta svarað þeim spurningum sem velt er upp hefur starfsfólkið í Reggio þróað skráningaráðferð sem að mörgum er talin nálgast list. Það er í gegnum um skráninguna sem starfsfólkið les áhuga barnanna og vangaveitur og á henni byggjast starfsdagarnir.

Fyrirkomulag starfsdagana er þannig að hver leikskóli fær u.þ.b. 3 - 4 tíma til að kynna sitt verkefni. Kynningin er fólgin í því að fjalla fyrst fræðilega og/eða heimspekilega um verkefnið, segja frá því hvernig starfsfólkið aflaði sér þekkingar og hvernig það leiddi börnin áfram í þekkingarleitinni. Sérstaklega er fylgst með vinnu barnanna samstarfi og samræðum. Oftast er það í gegn um samræðuna sem starfsfólkið lærir mest um hvernig og hvað barnið er að pæla. Á eftir kynninguna er þeim sem á hlýða boðið að taka þátt í umræðu um verkefnið. Á kynningum sem ég sótti, spurði fólk mjög opið og tók virkan þátt í allri umfjöllun um verkefnið,

6

nýjar ályktanir komu fram og aðrar voru dregnar í efa.

Fram kom í erindum sem flutt voru við setningu starfdagana að þeir eru álitnir einn hornsteinn starfsins í Reggio og fjöregg þess. Á þeim byggist starfsmannapróun og er sú þekking sem þar kemur fram nýtt á námskeiðum með starfsfólki. En í Reggio hefur verið þróað líkan að menntun í starfi sem er að margan hátt einstök, en um það verður ekki fjallað hér.

Hluti erlendu gestanna flutti erindi, annarsvegar af reynslu sinni af starfi í anda Reggio og hins vegar um nýjar rannsóknir sem viðkomandi hafa verið að vinna að. Sem dæmi um hið fyrnefnda má nefna erindi Önnu Barsotti um hvernig unnið er að heiltækri skólustefnu í Reggio og hvernig sú vinna hefur haft áhrif á hennar vinnu í Svíþjóð og hinsvegar má nefna rannsókn Trewharten á samskiptum ungbarna og mæðra en sú rannsókn heillaði mig upp úr skónum.

Tölvur í Reggio

Að lokum langar mig til að greina frá einu verkefni sem kynnt var á starfsdögum.

Verkefni var um tölvur og börn í leikskólanum la Viletta í Reggio. Sá sem kynnti verkefnið Giovanni Piazza tók fram að verkefnið fjallaði ekki um tæknina heldur það samhengi sem hún er til í. Skoða á og stuðla að tengslum á milli mismunandi tegunda tækni. En það að geta hugsað um og beitt mismunandi tækni saman eykur möguleika barnsins. Í vinnu með tölvur í leikskólanum er ekkert eitt réttara en annað. Í Reggio var ákveðið að hafa tölvur þar sem börnin eru m.a. til að tryggja aðgang þeirra að þeim. Eitt vandamálið sem eilíflega er verið að glíma við, er hvað tölvur eru fljótar að ganga úr sér, verða of gamlar fyrir þá tækni sem í boði er. Fyrir kennarann er þetta nýtt hann er ekki vanur því að þau tæki og þekking sem hann býr yfir úreldist. Fyrir hann er þetta

Reggio fréttir

því eilíf ögrun. Alltaf er verið að fást við nýjar skilgreiningar og endurskilgreiningar. Lögð er áhersla á að leita sér aðstoðar og hjálpar utan skólakerfisins hjá þeim sem hafa sérfræðiþekkingu er það sérstaklega gert til að vinna bug á ótta kennarans við “ef ég veit ekki - hvernig get ég þá” menntun kennarans í vinnu með tölvur felst í því að mennta hann í því sem hann hefur þörf fyrir í hvert skipti, í tengslum við þau verkefni sem verið er að fást við. Önnur vandamál sem þurfti að takast á við voru að bæði var erfitt að nálgast hæfandi forrit til að vinna með börnum og að tryggja nægjanlegt aðgegni allra barnanna að tölvunni í leikskólanum. Nú eru 4 - 6 tölvur með öllum búnaði í hverjum leikskóla (4 deilda). Til nauðsynlegs tölvubúnaðar telst, pentium tölva með geisladrifi- hljóðkort, hljóðnemi, hátalarar, litprentari, digital myndavél, skanni og módem.

Innsæi leikur stórt hlutverk í vinnu með börn og tölvur og er mikilvægt að þróa það í stefnumóti barnsins við tæknina.

Hér læt ég lokið þessum litla pistli – sem flest ykkar hafa líka heyrt. Gaman væri að fá viðbrögð ykkar sem síðan er hægt að senda inn í næsta fréttabréf



Mynd úr verkefni Konnýrar Hákonardóttir